



Tegund eignar : Einbýlishús

Bæjarfélag / Hverfi : San Miguel de Salinas

Izona : Costa Blanca Sur

Svefnherbergi : 3

Baðherbergi : 2

Byggingarár : 2025

Sundlaug : Val

Garður : Já

Eignin snýr : til suð-austurs

Útsýni : Ósnortin náttúra

Bílastæði : Einkabílastæði á lóð

Fermetra stærð eignar : 107,32 m²

Stærð lóðar : 339,00 m²

Stærð þaksvala : 86,45 m²

Flugvöllur : 30

Strönd : 10

Borg : 7

Golf : 5

✓ Þaksvalir

✓ Loftkæling

Stórglæsilegt 339m² einbýlishús á einni hæð á besta stað í San Miguel!

Um er að ræða 3 rúmgóð svefnherbergi, 2 falleg baðherbergi, bjart alrými með opnu eldhúsi og stofu, 86,45m² þaksvalir sem hægt er að gera huggulegar með frábæru útsýni yfir nærliggjandi umhverfi. Mjög stór garður (219,86m²) sem snýr í suður fylgir einnig og er valmöguleiki um að fá sundlaug.

Hér ertu nálægt allri þjónustu sem hugsast getur, stutt er í veitingastaði, súpemarkaði, almenningsgöngur o.fl. Auk þess er Zenia Boulevard verslunarmiðstöðin skammt frá, þar sem þín bíður mikið úrval verslana í yfir 80.000 m² verslunarhúsnæði, að ógleymdri heilbrigðisþjónustu hins margrómaða Torrevieja spítala sem er í 15 mínútna ökufjarlægð að heiman.

Hafirðu áhuga á að spila golf, þá ertu komin á rétta staðinn, en innan við 8 km radíus er að finna fjóra 18 holu golfvelli, s.s. Villamartin golfvöllinn, Campoamor Real Golf Klúbbinn, Las Ramblas golfvöllinn og Las Colinas völlinn.

Og fyrir sólarunnendur þá ertu í einungis nokkurra mínútna ökufjarlægð frá kílómetra löngum breiðum af fín sendnum ströndum sem hafa fengið vottun Evrópusambandsins fyrir gæði sjávar og þjónustu í formi Bláa fánans.

Vertu velkomin að hafa samband til að fá frekari upplýsingar um þessa einstöku eign!